

Faðir vor

Ég vil líta til liðinna daga
ljúfa mynd upp í huga mér draga
þegar sumar og sól, sveipar byggðir og ból
þessum minningum held ég til haga.

Í dal milli dimmgrænna fjalla
dreifast húsin um hlíðar og stalla
þetta´ er þorpið í Vík, þar er fegurðin rík
og minn höfuðstað helst vil ég kalla.

Og hin mýrdælsku fjöll, mæri ég öll
efalaust búa´ í þeim álfar og tröll.
Ég sé blika á bárum á sænum
bóndans töðu á túnbletti grænum
og á bak við svo bjart, breiðist jökulsins skart
þaðan áin sig liðar í lænum.

Og hin mýrdælsku fjöll, mæri ég öll
efalaust búa´ í þeim álfar og tröll.
Alltaf vekur mér sælu í sinni
þessi sveit býr í hjarta mér inni
og þegar sól gyllir sæ, yfir sveitir og bæ
þannig ætíð hún er mér í minni.

Auðbert Vigfússon – Hróbjartur Vigfússon



Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, –
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi´ í Jesú nafni,
í Jesú nafni´ eg dey,
þó heilsa og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gílt,
í Kristí krafti´ eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hans Tomiðssóns – Hallgrímur Pétursson

Blessun

Eftirspil

Somewhere over the Rainbow / Harold Arlen

Prestur: Sr. Jóhanna Magnúsdóttir
Ritningarlestur: Þorgils Hlynur Þorbergsson, guðfræðingur
Organisti: Brian R. Haroldsson
Píanóleikari: Yuichi Yoshimoto
Tónlist fyrir og í athöfn:
Arnar Jóns., Ágústa Ósk, Emilía Tómasdóttir, Hera Björk,
Heiða Ólafs., Íris Hólm, Pablo Cárcamo Maldonado,
Ragna Björg, Þórdís Petra.
Umsjón: Fylgd

Aðstandendur þakka innilega fyrir auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða
viðstöddum að þiggja veitingar á Hótel Vík í Mýrdal að athöfn lokinni.

Útvarpað verður frá athöfninni á FM 104.0
Streymi: <https://www.netkygning.is/harpa-elin-haraldsdottir>



Harpa Elín Haraldsdóttir

Fædd 28. janúar 1980

Dáin 1. nóvember 2025



Útför frá Víkurkirkju
laugardaginn 15. nóvember 2025

Forspil

Slá þú hjartans hörpustrengi / J. S. Bach

Signing – Bæn

Heyr, himna smiður,
hvers skáldið biður,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig,
ég er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að græðir mig,
minnst, mildingur, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramur,
ríklyndur og framur,
hölds hverri sorg
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,
mest þurfum þín
helst hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjar mögur,
máls efni fögur,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

Porkell Sigurbjörnsson – Kolbeinn Tímason

Ritningarlestur

Einsöngur

Minning / Bob Dylan – Ingibjörg Gunnarsdóttir

Ritningarlestur

Þar sem englarnir syngja sefur þú
sefur í djúpinu vera.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið bjarta skæra
veki þig með sól að morgni
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljóss
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni
þú vekur hann með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta
vekja hann með sól að morgni
vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd.
Og slökk þú hjartans harmabál
slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni
svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.

Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.

Bubbi Morthens



Guðspjall

Einsöngur

Lífinu ég þakka það sem mér er gefið:
þessi opnu augu, undur margt þau greina
Svart frá hinu hvíta, sem og ljós í myrkri
og hundruð stjarna sem í himinhvolfi tindra
í fjöldanum fólkið sem ég elska.

Lífinu ég þakka það sem mér er gefið:
heyrnina, sem hljóðin, nemur nótt og dag,
suð í engisprettu, söngfuglanna tóna,
hundgá, hamar, vél og nið í næturregni
og milda röddu barnsins sem ég elska.

Lífinu ég þakka það sem mér er gefið:
þessi hljóð og stafróf, orðin sem ég á mér,
um það sem ég hugsa og ég vil þér segja,
móðir, vina, bróðir, orð, sem endurvarpa,
ljósi því er lýsir veginn sálar minnar.

Lífinu ég þakka það sem mér er gefið:
þessa lúnu fætur, er farið hafa víða,
um stórborgir og strendur, mýrarkeldur, móa,
um fjörusanda, heiðar, fjöll og djúpa dali,
um götuna okkar, garðinn og húsið.

Lífinu ég þakka það sem mér er gefið:
hjarta mitt sem hrífst af hugarflugi mannsins,
þegar ég sé gæðin greind svo vel frá illsku
og ávöxt uppskerunnar efla mannsins drauma
og björtu augun sem blikja djúp og fögur.

Lífinu ég þakka það sem mér er gefið:
hláturinn og grátinn, svo að greint ég fái,
gleðina og harminn, þetta tvennt sem myndar,
mína söngva’ og ykkar, sem og eru mínir söngvar
og allra söngva, sem og eru mínir sömu söngvar.

Violeta Parra – þýð. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson



Minningarorð

Einsöngur

Littu sér hvert sólarlag / Bragi Valdimar Skúlason

Bæn

Snert hörpu mína himinborna dís
svo hlusti englar Guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka’ úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri’ í fjarska villtan vængjabyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið, englar Guðs í Paradís.

Atli Heimir Sveinsson – Davíð Stefánsson

